

Miðvikudaginn 10. desember 1986.

Nr. 290/1986. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Jóni Helga Bjarnasyni

(Árni Grétar Finnsson hrl.)

Fjársvik. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Skaftason.

Máli þessu var með stefnu 10. október 1986 áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærða. Af hálfu ákærvalds er málinu áfrýjað til þyngingar.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi og brot ákærða réttilega heimfært til refsíákvæðis.

Þegar litið er til verðmætis þess, sem fjársvikabrot ákærða beindist að, þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 1 mánuð. Að öðru leyti ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, að öðru leyti en því að refsing ákærða skal vera fangelsi í 1 mánuð. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð 12.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Grétars Finnssonar hæstaréttarlögmanns, 12.000,00 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Bjarna K. Bjarnasonar hæstaréttardómara.

Með hliðsjón af sakaferli ákærða og með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir bera að staðfesta hann.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar svo sem í atkvæði meiri hluta dómenda greinir.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 19. desember 1985.

Ár 1985, fimmtudaginn 19. desember, er dómþing sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Péttri Guðgeirssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 724/1985: Ákærvaldið gegn Jóni Helga Bjarnasyni, sem dómtekið var sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 18. nóvember 1985, á hendur Jóni Helga Bjarnasyni, Garðastræti 2 í Reykjavík, fæddum 16. janúar 1951 á Akureyri, „fyrir fjársvik, með því að hafa dagana 30. og 31. júlí 1985 svikið út 4 vindlingalengjur í söluskálanum Nesturninum við Suðurströnd á Seltjarnarnesi með því að bera ranglega að hann ynni á bókasafninu á Seltjarnarnesi og aflað sér þannig lánstraust fyrir vindlingunum, sem hann lét síðan hjá líða að greiða.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, og til greiðslu alls sakarkostnaðar og skaðabóta, verði þeirra krafist.“

Málavextir:

Ákærði hefur játað að hafa komið í verslunina Nesturninn, 30. júlí sl. og ranglega sagst vera starfsmaður bókasafnsins á Seltjarnarnesi til þess að vekja á sér traust og að hafa síðar þann dag og hinn næsta látið skrifa hjá sér alls 4 vindlingalengjur.

Með játningu ákærða er sannað að hann hefur með þessu gerst brotlegur við 248. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði hefur ekki greitt vindlingana.

Skaðabótakrafa hefur ekki verið gerð í málinu.

Viðurlög:

Um fyrri refsingar ákærða er þetta að segja:

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði verið sektaður um 2000,00 gamlar krónur með dómsátt fyrir svikabrot 1972 og um 10.000,00 gamlar krónur fyrir þjófnað, svik og umferðarlagabrot 1975. Árið 1975 var hann dæmdur í 3 mánaða skilorðsbundið fangelsi og sviptur ökuleyfi, fyrir þjófnað og ölvunarakstur og sama ár var hann með dómsátt sektaður um 10.000,00 gamlar krónur fyrir ölvun.

Árið 1977 var ákærði dæmdur í 7 mánaða fangelsi og sviptur ökuleyfi fyrir þjófnað, fjárdrátt og ölvunarakstur, og var sá dómur staðfestur í Hæstarétti 4. febrúar 1981. Árið 1980 hlaut ákærði tvo fangelsisdóma, 60 daga fyrir þjófnað, og 45 daga fyrir fjársvik. Með dómi Hæstaréttar 4. febrúar 1981 var þessum refsingum breytt í 4 mánaða fangelsi. Árið 1981 var ákærði dæmdur í 3 mánaða fangelsi fyrir þjófnað og var sá dómur staðfestur í Hæstarétti 16. júní 1982. Það ár var ákærði dæmdur í 45 daga

fangelsi fyrir þjófnað og árið 1983 var ákærði dæmdur í 8 mánaða fangelsi fyrir þjófnað. Sá dómur var staðfestur 16. september það ár í Hæstarétti. Loks var ákærði dæmdur í 3 mánaða fangelsi fyrir skjalafals, þjófnað, fjársvik, ölvunarakstur og sviptur ökuleyfi, 25. maí 1984.

Ákærði hefur samkvæmt þessu verið dæmdur í fangelsi í 29 mánuði og 15 daga, þar af 3 mánuði skilorðsbundið, síðan 1975.

Þykir refsing ákærða vera hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Þá ber að dæma ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda ákærða, Árna Grétars Finnssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000,00.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jón Helgi Bjarnason, sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Árna Grétars Finnssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000,00.

Fimmtudaginn 11. desember 1986.

Nr. 320/1986. **Ákærvaldið**

gegn

Arnari Önfjörð Björgvinssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Skaftason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 3. þ.m., sem barst dóm-inum 4. þ.m. Krefst hann þess, að gæsluvarðhaldsvist verði verulega stytt. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.